

Braut: 11/1963

Skógarvörðurinn á Austurlandi

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R A R I D 1 9 6 2

Sigurður Blöndal

mott. 11/1

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1962.

I. Um veður og vöxt.

1. Veðurfar.

Veðurathuganamaðurinn á Hallormsstað, Páll Guttormsson, skrifar eftirfarandi yfirlit um veðrættuna á Hallormsstað árið 1962:

I janúar og febrúar var umhleypingasöm tíð. I hlákunni 28. og 29. jan. fór hitinn í 10,6 stig C og vatnavextir urðu mili í skóginum. Hitadagar komu einnig 20. og 21. febrúar. Þá byrjaði loðvíðir á stöku stað að sprengja brumhlífar, ennfremur þingvíðir og viðja.

I marz varð mánaðarmeðalhitinn með því lægsta, er hér hefir mælzt. I frostunum 26.-29. marz, begar 4 cm þykkt snjólag var á jörð og töluvert sólskin á daginn, eyðilagðist talsvert af nálum á ungum barrviðarplöntum í græðireitnum, sérstaklega á 2/1 rauðgreni.

Fyrri hluta aprílmánaðar varð snjólagið eins þykkt á jörð og það hefir þykkast orðið, síðan mælingar hófust á snjólagi. Hinn 5. apr. var bræddur snjór 29,5 mm og snjódýpt 54,5 cm og hinn 10. apr. varð úrfellið í heild 31,5 mm og snjódýpt 56 cm. Síðan komu snögg hlýindi, svo að snjóinn hvarf á 2-3 dögum. Hinn 26. apríl blómguðust vetrarblóm og lerkið byrjaði að sprengja brumin hinn 29. apríl. Er leið á maímánuð, leit út fyrir, að hann yrði með kaldara móti, en meðalhitinn varð um meðaallag og var það að þakka miklum hita dagana 24.-27.

I júní var mjög algengur kaldur vindur, sérstaklega frá 9.-25., er leiddi inn yfir Héraðið af Héraðsfláa. En frá og með 25. júní, er hlýnaði, var góð spretta til mánaðarloka. Júlimánuður var sólríkur, en tíðast kaldur andvari á vköldin og nóttunni. Eftir 23., er hitastigið hækkaði, var vöxtur trjágróðurs góður til mánaðarloka.

Fyrri hluta ágústmánaðar var oft kalt í veðri, sérstaklega dagana 6.-12. En eftir að gekk úr kuldunum hinn 13., bætti lerki á hverjum degi nokkuð við hæðina. I fyrstu viku septembermánaðar var mild tíð. En síðari hluta mánaðarins voru hvassviðri mjög tíð. Hinn 23. og 24. sept. voru 8 vindstig hér og fokmistur, skyggni 2,5- 5 km.

Frá byrjun október til 20. var hæg suðlæg átt og suma dagana mjög hlýtt. Lerkitrén voru klædd mikið til gulum nálum frá 6.-20. okt. Upp úr 20. kólnaði mjögbsnöggt. Hinn 30. kom 35 cm snjólag á jörð og 29. var 11,9 stiga frost. Hinn 10. nóv. tók snjóinn upp og voru eftir það oftast stillur. I desember til 13. var áttin breytileg. En frá 1.3 til mánaðarmóta var vestanátt langalgengust. Hinn 22. gerði hláku með 11,1 ~~xx~~ stigs hita, og var eftir það auð jörð og logn til áramóta.

A árinu náðu 3 dagar 20 stiga hámarkshita. Hlýjast varð 20,8 C hinn 28. júní. Síðasta vorfrost í mælaskýli var 31. maí -3,8 C. Þá urðu 16,6 stig við jörð. I júní varð -1,5 stig við jörð hinn 26. og í júlí ~~xxxx~~ kom frost við jörð í 4 nætur og eins í ágúst, en aldrei í mælaskýli. Fyrsta haustfrost í mælaskýli kom 11. sept. -1,0 stig, en við jörð -4,8 stig.

2. Vöxtur og brif trjágróðursins.

a. Laufgun. Birkiskóðurinn hér varð allaufgaður 3. júní, en var orðinn mikið til útsprunginn 29. maí. Hinn 30. sept. var mest lauf fallið af birkini, en mest féll í hvassviðri 23. og 24. sept., er vindur stóð S og SV. Lauf byrjaði að falla í N hvassviðri 16. sept.

Flest lerki varð allaufgað 29. maí, en var byrjað að springa út

snemma í mánuðinum. Níkið barr var fallið af lerki 7. október, en féll ekki allt fyrr en eftir 20. okt.

Tafla I. Hita-, úrkoma- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1962.

| Mán- uður | Hitastig °C | | Úrkoma mm | | Sólskins- stundir | Fjöldi vaxtar- ein. |
|----------------|---------------|---------------------------|--------------|---------------------------|----------------------|---------------------------|
| | Meðal- tal | Vik frá meðal- lagi | Sam- tals | Vik frá meðal- lagi | | |
| Jan. | 0,2 | +1,4 | 113,2 | -2,2 | 1,1 | - |
| Febr. | -1,4 | -0,4 | 20,0 | -52,8 | 48,7 | - |
| Marz | -5,0 | -5,3 | 23,6 | -19,1 | 89,3 | - |
| Apríl | 3,0 | +1,6 | 93,7 | +57,3 | 105,5 | - |
| Mai | 5,3 | -0,4 | 10,9 | -11,2 | 152,0 | - |
| Júní | 8,2 | -0,8 | 62,5 | +36,3 | 139,0 | 44,05 |
| Júlí | 10,9 | -0,1 | 22,1 | -16,8 | 248,3 | 63,06 |
| Agúst | 8,8 | -1,2 | 63,5 | +22,6 | 94,1 | 44,27 |
| Sept. | 6,8 | -0,9 | 46,2 | -8,2 | 122,2 | - |
| Okt. | 4,0 | -0,4 | 84,1 | +19,4 | 61,8 | - |
| Nóv. | 0,3 | -1,6 | 19,7 | -68,7 | 2,8 | - |
| Des. | -1,0 | -0,5 | 81,2 | -15,8 | - | - |
| Arið | 3,3 | -0,8 | 640,7 | -59,3 | 1.065,5 | 151,38 |
| Júlí- sept. | 8,7 | -0,75 | | | | |

b. Vöxtur. A sumrinu var vöxturinn ákaflega misjafn eftir tegundum. A lerki var hann mjög bærilegur, eitthvað nálægt meðallagi, en undir meðallagi á furu. A sitkagreni, einkum hinu elzta frá 1949, var vöxtur með eindænum lítill, hinn minnsti, síðan 1956. Þetta var ekki eins áberandi á yngri árgöngum af þessari tegund.

A elzta rauðgreninu öllu, bæði í Mörkinni og við Jökullæk, hafa sprotar aldrei verið lengri en nú. Án þess að hafa mælt þá, get ég fullyrt, að við Jökullæk a. m. k. eru þeir ekki undir 50 cm á mörgum trjánum. A sumu yngra rauðrenni er hins vegar ekkert sérlega góður vöxtur.

Hef skal skýrt frá því, að í rauðrenni frá Trysil, sem sett var í Lysishól 1956, var birkið alveg fellt ofan af á 15 m breiðum beltum vorið 1961 til reynslu, en 15 m breið beltí látin standa á milli af grisjuðum birkiskógi. Eftir tvö sumur er orðinn ~~x~~ sjónarmunur á greninu þarna:

Það er bæði stærra og bústnara í beltunum, þar sem birkið var fellt ofan af. Næsta sumar mun þetta þó skýrast enn betur, og byrfti þá að mæla hæð rauðgrenisins.

I heild getum við verið vel ánægðir með vöxt trjánna hér s. l. sumar, þar sem hitastigið var ákaflega lágt og fjöldi vaxtareininga Morks hinn lægsti, sem hér hefir reiknast, síðan 1955. Fyrir okkur skógræktarmenn er það hvatning í starfinu, að trjágróðurinn hér hefir ekki látið á sjá og vaxið eðlilega, meðan veruleg slys hafa dunið yfir jærðræktina, a. m. k. á Norður- og Austurlandi.

c. Fræfall. Sáralítið fræ var á birki og engu safnað. Mikil fræ var á broddfurú og auðvitað öllu safnað. Ennfremur dálítið á stafafuru. Lítioð á lerki og virðist allt fræ af lerkinu tómt.

3. Klaki.

I græðireitnum mældist klaki í jörð mestur 59 cm í lok marz og var horfinn 26. maí. I skógi undir 4 cm þykku mosalagi var klakinn 16 cm við mánaðamót febr.-marz, mestur 37 cm í marzlok og var ekki horfinn fyrr en í byrjun júní. Viða í skóginum var klaki fram yfir 10. júní, og átti það mestan þátt í því, hve seint hófst gróðursetning, eða næstum mánuði seinna en árið áður.

4. Skaðar á trjám.

Frostskaðar voru ekki miklir í græðireitnum, en þó sá á 2/0 sitkagreni og 3/0 hvítgreni eftir nætfrostið 31. maí. Þá eyðilagðist af frosti 3/0 Kínagreni frá Khabarovsk við Amúr, sem ætlunin hafði verið að dreifsetja. Og nokkuð féllu nálar af 2/l rauðgreni í miklu frostunum seinast í marz. Hinn 11. sept. sá á 3/0 sitkagreni frá Seward (hinu sama og um vorið) eftir nætfrost.

I skóginum var barr meira brúnt á furutegundum eftir s. l. veturnar oft áður, en ekki teljandi á greni hér á Hallormsstað. Hins vegar varð barr á sitkagreni viða mjög brúnt hér á Austurlandi eftir veturninn, einkum við sjávarsíðuna. En brum voru óskemmd, svo að trén eyðilögðust ekki. Þess má loks geta, að gamli Síberíupinurinn, sem stendur neðst í Mörkinni, kól nú næstum niður úr og stóð dumbrauður í allt sumar. Sömu sögu er að segja um 1 tré af fjallaþin, sem flutt var úr stað fyrir einum 4 árum að einu húsini hér á staðnum.

Ryðsveppur ég blaðlús á birki gerðu engan usla.

Hinn 6. og 7. október varð vart við eina 4-7 fugla, sem hömuðust í broddfurukönglum. Viðum við strax, að þetta myndi vera einhver krossnefur. Síðar fann ég hræ af einum þessara fugla í Atlavík og reyndist það þá vera pánefur (skv. nafngiftinni í "Fuglar Íslands og Evrópu"). Farið var að tína köngla af broddfurunni, strax og vart varð við fuglana.

I þessu sambandi má geta þess, að svartbröstur hefir haldið hér til í veturnar.

II. Starfsmenn og verkafélk.

Tafla II sýnir fjölda fólks, eins og það var flest á hverjum ársfjórðungi, ásamt kaupgreiðslum og vinnustundafjölda. Vinnustundafjöldinn nær þó ei til ákvæðisvinnu.

Verkaskipting okkar Páls Guttorssonar var með sama hætti og undanfarið.

Matselja í Mörkinni var hin sama fjórða sumarið í röð, Ingibjörg Sigurðardóttir, og er það okkur ómetanlegthapp, meðan hún fæst til þess starfa. Fremri manneskja henni á alla lund við þennan starfa fæst ekki.

Jón Jósep Jóhannesson hafði daglega umsjón með gróðursetningu á Hallormsstað og gerði það af sinni alkunnu alúð og samvizkusemi. I hléi, sem

gert var á gróðursetningu síðari hluta júlí, vann hann við kjarrhreinsun. Þórður Pálsson kennari úr Reykjavík sá um gróðursetningu í Jórvík og gerði það af mikilli alúð og frábærri röggsemi. En Hannes Þórðarson var þórði til aðstoðar og sá um alla aðdrætti til útgerðarinnar í Jórvík og réði Breiðdælinga til starfa.

Til aðstoðar hér á skrifstofunni hafði ég yfir sumartímann Sigríði Sigurbjörnsdóttur frá Hafursá, okkar miklu dreifsetningarkonu. Sá hún um kaupútreikning og útborganir.

Tafla II. Verkafólk og kaupgreiðslur á Hallormsstað 1962.

| Másfjórð-ungur | Fjöldi | Vinnustundir | Kaup kr. | Akæðisv. kr. |
|----------------|--------|--------------|------------|--------------|
| 1. | 5 | 2.038 | 50.103,31 | - |
| 2. | 40 | 11.302 | 243.621,95 | 22.426,58 |
| 3. | 30 | 9.852 | 248.070,37 | 28.376,37 |
| 4. | 10 | 2.246 | 62.965,67 | 413,75 |
| Alls | | 25.438 | 604.761,30 | 51.216,70 |
| | | | | 655.978,00 |

I frásögninni hér á eftir um einstakar framkvæmdir er ekki hægt að að skýra frá kostnaði, né gefa upp einingarverð á verkum, nema í mjög fáum tilvikum, svo sem venja hefir verið undanfarin ár, þar sem reikningum er ekki lokið.

III. Girðingar.

Nýjar girðingar voru ekki gerðar á þessu ári. Endurnýjun Hallormsstaðagirðingar innan við Kerlingará hafði verið áformuð, eða byrjun á því verki, en tími og peningar hrukku ekki til þess.

a. Viðhald. Venjulegt viðhald var með minssta móti á Hallormsstaðagirðingu og ekkert frekar um það að segja. En það skal tekið fram, að vinna við smölun í skóginum er færð á þennan lið. Er það alltaf talsvert verk. Einkum er hliðið við Sólheima svikult.

I Jórvík var tals vert viðhald. Árnar eyðilögðu undirgirðingar í vorleysingum, svo að bær varð að gera upp, og ýmislegt fleira varð að lagfæra. Á einum stað á þeirri hlið girðingarinnar, sem veit að Ásunnarstöðum, fór girðingin í kaf í snjó og sligaðist. Var okkur tjáð af kunnugum, að hún myndi alltaf sligast þarna. Fyrir því fengum við jarðýtu hjá vegagerðinni, til að gera garð undir girðinguna á þessum stað í haust, begar þeir voru í vegagerð neðan við Jórvík. Standa vonir til, að sú viðgerð dugi.

b. Markargirðing. Síðan skurðirnir voru grafnir utan við Mörkina 1958, hefir staðið til að tengja vængi Markargirðingarinnar að ofan og neðan við aðalskurðinn yzt, sem Vegarkeldan rennur nú eftir, en þarna á

skurðbakkann er svo fyrirhugað að gróðursetja aðalskjólbelti fyrir Mörkina.

I haust voru þessir vængir girðingarinnar gerðir. Um leið var ~~xxxxxx~~ tekin niður gamla girðingin frá 1903, sem var utan við Mörkina og orðin var mjög sigríki í jörð, en jánstaurarnir og sumt af gaddavírnum úr henni var notað í nýju vængina. Jafnað var með jarðytu undir girðinguna, en lengd hennar er 310 m.

Jafnframt þessu var loksins sett upp hlið á Markargirðinguna inn úr reit D á akveginum niður að Fljóti. Fengum við tvo stutta ~~xxxxxxxxxx~~ símastaura í hliðstólpum og eru þeir tengdir saman að ofan með vir.

Þá var tekið upp gamla gönguhliðið frá 1903, sem þarna var rétt hjá, en var orðið gagnslaust þar í háa herrans tíð. Var það nú sett upp á gangstíginn, sem liggur frá Markarhúsinu niður í reitinn, og sómir sér þar ágætlega. Það var steypit niður í heilu lagi með spyrnum í einn járnbindinn sökkul, svo að það ætti vel að geta staðið þarna önnur 60 ár!

Petta verk við Markargirðinguna var talsvert tímafrekt, enda var lögð áherzla á að hafa fyrsta flokks útlit á girðungunni og hliðunum.

IV. Skógarhögg.

Tafla III greinir frá skógarhöggini 1962. Er það hið mesta um langt skeið. Viðarsalan var rúmlega 53 þús. kr. meiri en 1961, eða um 116.500 kr. Þegar við bætist hin verulega aukna sala á jólatrjám og greinum, en útgjöld sýnilega hlutfallslega mun lægri en 1961, verður ~~xxxxxx~~ fjárhagsleg útkoma á skógarhöggini freiðanlega með bezta móti.

Hin aukna sala liggur mest í því, að við gátum selt talsvert af arinviði til Reykjavíkur, þar sem tókst að fá ótrúlega ódýran bíflutning hjá Ingimar Þórðarsyni á Egilsstöðum, svo að við urðum í rauninni samkeppnisfærir við Vagli um viðarsölu til Reykjavíkur. Ennfremur gátum við óvænt selt rúmlega 21 tonn af reykingaviði til niðursuðuverksmiðju K. Jónsson & Co. á Akureyri, vegna þess að við áttum til ársgamlan við, sem var ~~xxxxxx~~ örðinn nokkuð purr. Að öðrum kosti hefði þessi viður verið fenginn frá Noregi, því að hann má ekki vera hrár í reykofnana. - Þeir sögðu mér í verksmiðjunni, að þeir myndu burfa 100-150 tonn af reykingaviði á ári, ef þeir fengju nöga smásíld til þess að sjóða niður reykta. Kváðust þeir heldur vilja birki - ef það væri bara nægilega burrt - en eik, sem þeir hafa notað undanfarin ár, ~~xxxxxxxx~~ innflutta frá Noregi.

Vinna við skógarhögg og afgreiðslu arinviðar til Reykjavíkur hófst strax eftir áramót og stóð fram í maí óslitið, að undantekinni einni viku í byrjun apríl, þegar mestur bylur var og ófærð.

Var þá einkum grisjað fyrir gróðursetningu í Innskóginum og höggvið ofan af lerki, þar sem þess burfti með. Grisjunarsvæðin voru í Stóraseki, Stórhól, ofan við Atlavíkurkletta og efst í Vörðuhrauni.

I sumar og haust var talsverð vinna við arinvið og reykingavið og snemma í ágúst var grisjað fyrir gróðursetningu í Framhólmunum. Var þar eingöngu fellt það, sem tækt var með kjarrsög, og ekkert afkvistað. Seinast í nóvember hófst svo högg ofan af lerki í Partinum. Stóð það fram undir 20. des.

I maíþyrjun var mikið grisjað í Guttormslundi og virðist nú loks orðinn nægilega gisinn skógurinn þar.

I des. var nokkuð fellt af jólatrjám. Var það einkum rauðgreni í gróðursetningu ffa 1948. Framvegis verður til nóg af rauðgreni í jólatré fyrir Austurland. - Petta var selt:

9 broddgreni, 2 blágreni, 8 Douglasgreni, 2 hvítgreni, 57 rauðgreni, 2 sitkagreni, 4 fjallapinur, 1 stafafura. Alls 85 tré. Auk þess voru að vanda send jólatré og greinar á bæna hér í Skógunum sem lítil jólkveðja frá stofnuninni.

Þá voru seld 132 kg af furugreinum og 60 kg af burrum broddfurum og lerkiköglum. Söluverð jólatrjáa og greina nam alls 23.000 kr.

Tafla III. Skógarhögg og viðarsala á Hallormsstað 1962.

| | Birkki | | | | | Lerkki | | | | | | |
|------------|-------------|--------------|-------------|----------------|----------------|--------|------------|-------------|--------------|----------------|---------------|--------|
| | BII stk. | BIII stk. | BIV stk. | Styttr stk. | Efniv. tonn | Krónur | BI stk. | BII stk. | BIII stk. | Styttr stk. | Annað stk. | Krónur |
| Sala 1962 | 3.642 | 1.483 | 740 | 1.495 | 67,17 | - | 96.900,00 | 70 | 340 | 363 | 470 | 50 |
| S.r. Hall. | 10 | - | - | 69 | 35,00 | - | 410,50 | 4 | - | - | 40 | - |
| Rýrnun b. | - | - | 300 | 120 | - | - | 2.350,00 | - | - | - | - | - |
| Birgðir | 40 | 190 | - | 150 | - | 3.40 | 9.395,00 | 15 | 30 | 80 | 75 | 200 |
| Alls | 3.692 | 1.673 | 1.040 | 1.834 | 102,17 | 3.40 | 109.055,- | 89 | 370 | 442 | 545 | 290 |
| * b. 1961 | 100 | - | 560 | 120 | - | 2,17 | 11.180,- | - | 119 | 242 | 223 | 100 |
| Högg 1962 | 3.592 | 1.283 | 480 | 1.714 | 102,17 | 1,23 | 97.875,- | 89 | 251 | 200 | 322 | 190 |
| Tonn | 24,0 | 5,1 | 1,6 | 3,4 | 102,17 | 1,23 | 137,5 | 1,0 | 2,0 | 1,3 | 1,1 | 0,5 |
| | | | | | | | | | | | 1,5 | 7,4 |

Högg 1962 alls 144,9 tonn. Staurar alls (lérki og birkki) 6.217 stk. Veððmeti alls (áð frádreginni

Styttr " " " " 1.904 " heimanotkun eldiviðar

kr. ~~113.155,50~~ 113.155,50

pótt ^{sala} ~~xix~~ viðarafurða sé nú 53 þús. kr. hærri en í fyrra, get ég samt lokið pessum kafla með sömu orðum og í síðustu skýrslu: Ef nóg hefði verið til af girðingarstaurum strax í vor, hefði verið hægt að selja miklu meira en gert var.

V. Græðireitur.

1. Umbetur í reitnum.

Nýrækt. Lítið var unnið í nýræktinni í sumar, nema hvað rótarhreinsun var að mestu lokið í sumar. En 10. nóv. var byrjað að aka móbold í nýja stykkið. Víku sáinna var farið að aka í það sandi. Var hann sóttur út í Gunnlaugsstaði. Var jörð nú örðin frosin, svo að betta gekk eins vel og á varð kosið. Þrír bílar óku. Samið var við bílstjóran, að betta yrði greitt einhvern tíma fyrir vorið 1963. Var það auðsótt mál. Ég gerði það vegna þess, að betta var margfalt dýrari sandakstur en sá, sem var á áætlun ársins 1962 og miðaðist við að taka sandinn hér heima. En námið hér reyndist, begar til kom, þrótið, svo að nú er búið að sléttu yfir það.

I nýja stykkið, sem er 3.300 m², var ekið 30 vagnhlössum af móbold og 53 bíhlössum af sandi. Reiturinn er nu tilbúinn til dreifsi í vor.

Jarðhús. Lokið var við jarðhúsið á árinu. Sett var fyrir það tvöföld hurð einangruð, loftræsting og ~~kgm²~~ gengið frá baki. - Annars var jarðhúsið notað í vor með ágætum árangri. Við geymdum þar hvítgreni, sem var tekið upp fyrst af öllu greni. Var það geymt í allt að fimm vikum og heppnaðist það vel. En betta var geymt í neðstu hillunum. Orugglega er geymslubol miklu minna í efri ~~xxxxxx~~ hillum. Auk þess kann það að vera misjafnt fyrir einstakar tegundir. Petta er allt órannsakað.

Jarðvegsbætur. Ýmislegt fleira, sem var á áætlun til endurbóta í græðireitnum, svo sem gerð skjólbelta, fastpunktar, lagfæringar á vegum o. fl., varð að biða.

I fyrsta sinnum langt skeið er nú alveg tilbúið stykki undir sáningar í vor. Nú í haust var ekið í það 22 bíhlössum af sandi, 4 af sauðataði og 5 vagnhlössum af móbold.

Auk þessa sandaksturs var ekið á árinu til notkunar við yfirbreiðslu á sáningar og fyrir vetrarumbúnað 10 bíhlössum af sandi.

2. Fræplöntur.

Sáð var alls í 685 m², langmest Rússalerki, eins og birgðaskýrslan (SR nr. 1) ber með sér. Fræið kom allt vel upp. Talning sýndi, að við eignum barna tæpl. 600 þús 1/0 plöntur.

Að þessu sinni voru ekki teknar upp nema 254.000 fræplöntur, en það er raunar 54 þús. fleira en áætlað var. Er aukniningin stafafura, sem dreifsett var síðsumars. Við töldum ekki fært að geyma hana til næsta vors, enda verður þá víst í nógu mörg horn að líta með fræplöntur, en 2/0 og 3/0 verða liðlega 975 þús. til samans, skv. talningu.

3/0 plönturnar eru orðnar mjög stórar og þurfa nauðsynlega að komast út snemma, en sumt af 2/0 plöntunum getur staðið yfir.

3. Dreifplöntur.

Dreifsetning hófst nú fyrr en um langt skeið á greni, eða 24. maí, áður en það fór að spretta. Ekki dugði það þó til góðrar sprettu, því að framfarir urðu litlar á því.

Það olli okkur vonbrigðum, að allt grenið í dreifbeðum á 2. ári óx svo lítið, að ekkert af því verður söluþeft á næsta ~~xxi~~ vori. Fyrir því eru nú ekki nema 209.000 plöntur taldar til afhendingar næsta vor. En

auðvitað getur komið til afhendingar seinni part sumarsins svo mikið sem vill af greniplöntunum, sem nú eru 2/2.

4. Garöplöntur og græðlingar.

Salan varð heldur minni en árið áður. Ugglaust á hið kalda vor ein-hvern þátt í því. En til-kostnaður mun líka hafa orðið nokkru minni en árið á undan.

Við erum sәmilega birgir af algengustu garöplöntum, nema birki. Þar er nú alger eyða. Af Alskáðsp eru nú feiknmiklar birgðir. Kæmi nú til at-hugunar að gróðursetja af henni myndarlegan lund í skóglendi, t. d. á Ormsstöðum. Að öðru leyti vísast til birgðaskýrslunnar.

5. Hreinsun.

Við hreinsunina var notað zimasín og White Spirit. Fjórar stúlkur voru nú í reitnum eftir miðjan júlí, en ekki mátti tæpara standa, að þær réðu við að halda reitnum hnænnin hreinum, einkum þar sem vinna var all-mikil seinni partinn við plöntuupptökum.

Betta er eini kostnaðarliður í græðireitnum, sem ég hefi þegar niðurstöðu um. Kostnaður varð 40.500 kr., en var áætlaður 49.000 kr. Verður það trúlega eini liðurinn, sem er verulega undir áltlun.

6. Flöntuafhending.

Alls voru afhentar 392.000 plöntur í skóglendi. I fyrra var áætlað, að hægt væri að láta 470 þús. Af ýmsum tegundum kom heldur minna fram en talið ~~víða~~, sérstaklega bergfuru, birki og Rússalerki. Af sumum grenitegundum, eins og 3/4 rauðgreni sérstaklega, varð að kasta miklu, þar eð það stóð orðið alltof þétt og var orðið rótarlaust, en af öðrum grenitegundum, eins og sitkagreni, bastarði og broddgreni, stendur enn talsvert af því, sem hægt var að afgreiða.

VI. Gróðursætningu.

1. Hallormsstaður.

Að þessu sinni tókst að gróðursetja þann plöntufjölda, sem áætlað var, og vel það. Tafla IV sýnir fjölda af einstökum tegundum og gróðursetningarstaði.

Eins og taflan ~~þer~~ með sér, eru 87.380 plöntur gróðursettar í Innskóginum. Með þessu er lokið gróðursetningu í öll helztu svæðin þar. Eru mest-magnis eftir smáskækklar, t.d. nýlega framræstar mýrar og jaðrar víða, sem skildir voru eftir áður. Og auðvitað er Atlavíkin eftir, þar sem ekki verður gróðursett.

Sumar tegundirnar voru gróðursettar mjög þétt, einkum þær, sem ~~XXXX~~ óvissar eru um þroska hér. Var farið niður í 1 m bil með Douglasgreni, Síberíupinina, brodd- og blágrenið (hugsað sem jólatré í framtíðinni), Rússalerkið frá Sverdlovsk og Evrópulerkið frá Tyrol. Þar eð bæði þessi lerkikvæmi eru mjög óviss, er hugmyndin að geta farið snemma að höggva þar girðingarstaura og jafnvei fella allt í því augnamiði, ef ástæða þykir til.

Allt var gróðursett með bjúgskóflum og ~~þ~~egkk ágætlega.

Þeirri reglu var fylgt að baða rætur á öllum plöntum úr moldarvellingi. Var það nú gert í græðireitnum um leið og plönturnar voru teknar upp og síðan látnar beint í ílátin, sem þær voru fluttar í út í skógr. Arangurinn var áberandi góður með lerkic, sem engin vanhöld urðu á (nema þar sem það lenti í vikubollum). Það létt ekkert á sjá, þótt það væri allt gróðursett eftir miðjan júní.

Eg er orðinn alveg sannfærður um það, að talsverð orsök í vanhöldum

Tafla IV. Gröðursetning á Hallormsstað árið 1962.

| Tegundir og kvæmi | Atla-víkur kl. | Vörðuhraun | Krók-lækjarr. | Stórhóll | Mörkin | Akur-gerði | Stóri-skógar | Fram-hólar | Alls |
|------------------------------|----------------|------------|---------------|----------|--------|------------|--------------|------------|---------|
| Rússalerki 3/0, Hall. | - | - | - | 800 | - | - | - | - | 800 |
| " 2/2, Sverdlovsk | 8.775 | 15.325 | - | - | - | - | - | - | 24.100 |
| " 2/2, Sénkúrsk | 50 | - | - | - | - | - | - | - | 50 |
| " 2/3, Onéga | - | 850 | - | - | - | - | - | - | 160 |
| Evróspulerki 2/2, Schiltz | - | - | 1.675 | 1.575 | - | - | - | - | 850 |
| " 2/2, Tyrol | - | - | - | - | - | - | - | - | 3.250 |
| " 3/5, Schiltz | - | - | - | - | - | - | - | - | 5 |
| Dahúríulerki 2/2, Öppg. | - | 1.850 | - | - | - | - | - | - | 1.850 |
| Blágræni 2/3, Sapinero | 3.140 | - | - | - | - | - | - | - | 19.965 |
| Brodd- & blágr. 2/3, Sap. | 1.100 | 445 | - | - | - | - | - | - | 7.430 |
| Hvitgreni 3/4, Ymsar pr. | - | 1.620 | - | - | - | - | - | - | 2.595 |
| " 2/3, Fort St. J. | - | 5.225 | - | - | - | - | - | - | 5.225 |
| Rauðgreni 2/3, Snåsa | - | - | - | - | - | - | - | - | 11.325 |
| " 2/3, Grane | - | - | - | - | - | - | - | - | 1.460 |
| Douglasgr. 3/3, Blue Mesa | - | - | - | - | - | - | - | - | 1.325 |
| Balsampinur 3/3, 3 prufur | 3x235 | 3.235 | - | - | - | - | - | - | 3.830 |
| Fjallapinur 3/3, Sapinero | - | 660 | - | - | - | - | - | - | 725 |
| Hvítbínur 2/5, Sapinero | - | - | - | - | - | - | - | - | 3.710 |
| Síberíupinur 3/3, Sverdl. | - | - | - | - | - | - | - | - | 1.200 |
| " 3/3, Irkutsk | - | - | - | - | - | - | - | - | 6.045 |
| Staffafura 2/2, Banff & Slm. | - | - | - | - | - | - | - | - | 3.650 |
| Fjallapölli 3/3, Lawing | - | - | - | - | - | - | - | - | 65 |
| Marþölli 3/3, Cordova | - | - | - | - | - | - | - | - | 90 |
| Sitkabast. 2/2, Lawing | - | - | - | - | - | - | - | - | 170 |
| Kúrilleyjalerki 3/5, Solböle | - | - | - | - | - | - | - | - | 35 |
| Alaskaösp | - | - | - | - | - | - | - | - | 20 |
| Reynir | - | - | - | - | - | - | - | - | 35 |
| Gulvíðir | - | - | - | - | - | - | - | - | 30 |
| Alls | 12.065 | 29.210 | 2.650 | 4.975 | 875 | 285 | 38.480 | 13.720 | 102.260 |

Tafla V. Gröðursetning í Jórvík 1962.

| | | |
|--------------------------------------|-------|-------------------------|
| 21. 290 blágræni 2/3, Sapinero | 3.775 | rauðgræni 2/3, Elsfjord |
| 1. 000 hvítgreni 2/3, Fort St. James | 3.000 | " 2/3, Grane |
| 4.500 sitkagreni 2/2, Homer | 1.500 | " 2/3, Snæsa |

undanfarinna ára í gróðursetningu er sú, að plönturnar hafa ekki komiðt lifandi í jörðina. T. d. ~~KENNAK~~ urðu veruleg vanhöld á lerki, sem gróðursett var hér 1961. Eg hefi sannfærzt um við nána athugun, að það hefir fyrst og fremst drepið í meðfórum, sakir þess að ég lét ekki bleyta ræturnar, um leið og það var tekið upp. Eg hélt þetta myndi sleppa, af því að við byrjuðum mjög snemma að gróðursetja þetta vor. En það reyndist sem sé ekki duga. Frá ~~Hessu~~ ári lifir miklu betur það lerki, sem seinast var sett í jörð - eftir miðjan júní - og var vandlega bleytt.

Eg hefi ekki enn lokið við að mæla upp alla gróðursetningu ársins og get því ekki gefið upp flatarmálið að sinni.

Beinn kostnaður við gróðursetningu hér virðist hafa orðið 85 aurar á plöntu, og held ég sú tala breytist ekki við uppgjör 4. ársfjórðungs.

Nú var hafin nokkur gróðursetning á Akurgerði í nánd við skógarvarðarhúsið. Þar var nostrað við gróðursetninguna, grafnar holur og settur í húsdýraburður og móbold og sandur til þess að flýta fyrir vexti (allt fyrir sámdina!). Er kostnaður við þá gróðursetningu ekki talinn með hér að framán, þar sem um svo ólík verk var að ræða.

Gróðursetning hófst 8. júní og var haldið áfram óslitið til 11. júlí. Síðan var gert hlé til 30. júlí og tekin þá skorpa til 17. ágúst, begar gróðursetningarmenn fóru í Eyjólfssstaðaskógi. Lokaspretturinn stóð svo frá 4. til 14. september.

Seinni part júlí, meðan hlé var gert á gróðursetningu, var unnið við "kjarrhreinsun", en betta ágæta orð notaði Jón Jósep yfir það að hreinsa teinung frá ungum plöntum. Var farið yfir allar nýlegar lerkigróðursetningar sem ekki er hægt að úða með hormónalyfjum, enn fremur sumt af því, sem verst var komið í Lýsishóli. Við þetta verk reyndust bezt sánskir breiðblaða ~~KENNAK~~ sniðlar.

2. Jórvík.

Gróðursetning í Jórvík stóð í 3 vikur, frá 18. júní til 7. júlí. Eins og tafla V sýnir, voru settar það niður 35.065 plöntur, en flatarmál ~~er~~ ekki vitað enn nákvæmlega, þar sem eftir er að gera nákvæmar uppmælingar á gróðursetningunni.

Gróðursetti var á tveimur stöðum: Rétt fyrir ofan túnið í Jórvík og í hvamminn yzt og neðst í girðingunni. Var hann fylltur.

Landið var mestallt vaxið hnéháu kjarri og þurfti því að fara fyrir gróðursetningunni með kjarrsög.

Öll útgerðin kostaði um 47.500 kr. Það gerir 1,36 kr. á plöntu. Verður það að teljast mjög hagstett verð og ber fyrst og fremst að þakka frábætri verkstjórn og dugnaði þórbær Pálssonar. Þess verður að geta, að í þessum kostnaði eru a. m. k. 1.000 kr. fyrir áhöld, sem ekki þarf að kaupa aftur.

Allt verkið var unnið í tímavinnu.

Ur því svona mikið var gróðursett í Jórvík fyrsta árið, tel ég rétt að fara sér hægar þar á næstunni og sjá, hvaða tegundir og kvæmi gefast þar bezt. Mætti bæta við einum 5-10 þús. plöntum barna á ári næstu 5 árin a. m. k. og reyna ný kvæmi og tegundir. Mesta óráð væri að ana barna út í stórfellda plöntun áfram. Þetta gerði ég Hannesi þórbarsyni ljóst í sumar.

V e g a g e r ð.

Ruddir voru vegir í skóginum 6,7 km á lengd. Skiptist það svo á svæði:

Stórhóll 340 m, Stóriskógr 1.210 m, Hólar 1.180 m og Partur 3.970 m.

Sumt af vegum þessum var vegna gróðursetningar sumarsins, en annað - einkum í Partinum - unnið vegna skógarhöggs í vetur og gróðursetningar næsta vors.

Haldið var áfram að lagfæra heimreiðina að skógarvarðarhúsi. Var nú

hlaðinn kantur úr torfi á veginn. Vegagerð ríkisins lét okkur í té sniddur. Þá má geta þess hér, að sléttuð var flötin ofan við húsið á Akurgerði, en sáð verður í hana ~~Ivor~~.

Vegagerð ríkisins hélt áfram vegagerð sinni hér í skóginum og var nú hlaðinn upp vegurinn inn fyrir Ljósá og borið ofan í hann. Er þetta alls 1 km og hinn laglegasti vegur. Þá var um leið og vegurinn var lagður þar fram hjá lagfærð mikið beygjan á spottann niður í Atlavík, svo að sá vegur er nú orðinn ágætur.

VIII. Bygginingar.

Mörkin. Í vor var rafmagn tekið inn í Mörkina. Keypt var 1 rafmagnseldavél, en kosangaseldavélin notuð áfram með henni. Í eldhús og borðstofu voru settir 2 1 kW pilofnar og reyndust hita alveg nægilega. Óbarft er að taka fram, að þarna er nú ~~xxxxxx~~ eins og Paradís að dveljast, miðað við það sem áður var.

Kostnaður við rafvæðingu Markarinnar varð:

| | |
|-----------------------------|------------|
| Heimtaugargjald | kr. 18.400 |
| Raflagnavinna og efni | " 23.600 |
| Eldavél og pilofnar | " 5.990 |
| <u>Alls kr. 47.990</u> | |

I sambandi við rafmagnið varð að gera smálagfaringar ýmsar í húsinu og svo var auð-vitað malað eldhúsið að vanda. En önnur ~~málning~~ málning var ~~xx~~ latin sitja á hakanum.

Skógarvarðarbústaður. Húsið var malað utan, bæði steinn og gluggar. Borin var meiri trekkfastolía á timburklæðninguna og síðan lakkað ofan á hana með skipalakki, skv. forsogn norsku verksmiðjunnar, sem framleiðir trekkfastolíu.

Fátt annað var unnið við húsið, en ýmislegt smávegis keypt af hlutum, sem nota þarf, begar það verður fuligert. Tel ég nú brýna nauðsyn til bera að reyna að ljúka húsinu til fullnustu fyrir vorið. Það er einkum innréttинг í kájllara, sem eftir er.

Verkfängeymsla. Í vetrar hefir nokkuð verið unnið við að koma sér fyrir í hinni nýju verkfängeymslu okkar, sem við nefnum "Stöðina", skv. gamalli venju á staðnum.

Gamla rafstöðin var tekin niður og lagt í gólf stöðvarhússins, svo að þar er nú komið mjög þokkalegt viðgerðarpláss. Viðarofn er kominn upp þarna og rafmagn fengið. Heimtaugargjald er þó enn ógreitt.

Öll verkfæri ~~ha~~nú verið flutt þarna uppeftir til vetrargeymslu. Er nú í fyrsta sinni hægt að hafa öll verkfæri okkar undir þaki og aðstaða til viðgerða að vetrinum. Þetta er sem sagt orðið eins og það þarf að vera, ef nokkurt lag er á. Að vísu þarf þarna margt að lagfæra, en flest af því er hægt að gera smátt og smátt.

IX. Ferðir og leiðbeiningar.

A þessu ári ferðaðist ég lítið í leiðbeiningaskyni, nema smávegis hér um Hérað. Í sambandi við grðursetningu á Eyjólfssstöðum fór ég nokkrar ferðir þangað. Einu langferðirnar á árinu voru á skógarvarðafund í Rvík. í marz og á aðalfund Skf. Íslands á Hreðavatni í ágúst.

X. Sitt af hverju.

Jarðýta o. fl. Jarðýtan gekk 471 klst. á árinu. Engar stórvægilegar bilanir urðu á henni, svo að ég geri ráð fyrir, að reksturinn verði ekki óhagstæður. - En í veturnottabylinn mikla, að hún var höfð nökkrar daga í snjómokstri fyrir Vegagerð ríkisins.

Við leigðum hana dálitið út seinast í haust. Var það einkum efyrir veturnottabylinn mikla, að hún var höfð nökkrar daga í snjómokstri fyrir Vegagerð ríkisins.

I vor fengum við miklar gaddakeðjur á Ferguson traktorinn. Eru það einhver mestu þarfabing, sem við höfum eignað. Á þessum keðjum kemst traktmargfalt á við það, sem áður var. Ég trúi notkunartími hans hafi lengzt um eina 3 mánuði á ári við að fá keðjurnar.

Gróðurrannsóknir. Steindór Steindórsson frá Hlöðum og Haukur Ragnars-son dvöldu hér um skeið um mánaðamótin júlí-ágúst og gerðu rannsóknir á sambandi gróðurfars og trjávæxtar í birkiskóginum. Er hugmynd þeirra að reyna að finna með þessu grundvöll að "bóniteringu". Þeim til aðstoðar var júgóslafnesk stúlka, Madja Zumer, skógræðingur frá tekniháskólanum í Zürich. Hún kom hingað 21. júlí og fór 19. ágúst. Áður hafði hún unnið við að mæla og ~~teikna~~ teikna upp plöntuteigi og eftir að þeir félagar fóru, vann hún við trjámælingar. Hún kom hingað á vegum Hauks Ragnarssonar.

I fyrrri hluta maí dvaldi Haukur Ragnarsson hér við mælingar í Guttormslundi og að fleiri stöðum.

Ferðafólk og gestir. Ferðamannastraumur var með mesta móti í sumar. Mjög margt fólk gisti Atlavík, og fannst nú meir en nokku sinni fyrr að ekki er fært annað en koma upp einhverjum þegindum fyrir þetta fólk í Víkinni og helzt hafa mann til taks, sem getur leiðbeint því og séð um að halda svæðinu hreinu yfir mesta umferðatímum. Þarna þarf nauðsynlega að koma upp salernum og rennandi vatni.

Meðal þess fólks, sem sýnt var um skógin, nefni ég þessa einstaklinga og hópa:

- | | |
|-----------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 16. júní. | Prófessor Edwin C. Jahn og kona hans frá háskólanum í Sýrakusu í New York. |
| 18. " | Húsmæðrahópur frá Hornafirði, er var í orlofsdvöl hér í húsmæðraskólanum. |
| 21. " | Kári Arnórsson skólastjóri á Húsavík með hóp fermingarbarna. |
| 27. " | Bændaför Skagfirðinga, 114 manns undir leiðsögn Ragnarss Ásgeirssonar. Buðum við þeim hressingu við húsið í Mörkinni. |
| 28. júlí. | Stofnfundur Stúdentafélags Austurlands. |
| 7. " | Hópferð Guðmundar Jónassonar, 25 manns. |
| 8. " | Séra Sigmar Torfason á Skeggjastöðum í N.-Múl. með hóp fermingarbarna. |
| 15. " | Skemmtikrafter á samkomu Skógræktarfélags Austurlands í Atlavík: Sigurður Bjarnason alþpm. frá Vigur, Páll Kolka læknir, Kristján skáld frá Djúpalæk og Karl Guðmundsson leikari. |
| 17. " | Ambassador Bandaríkjanne á Íslandi, Penfield, kona og dóttir. |
| " " | Hallgrímur Jónasson kennari með hóp Ferðafélags Íslands. |
| 25. " | Óli Valur Hansson garðyrkjuráðunautur Bf. Ísl. og Stefán Árnason á Syðri-Reykjum og kona hans. |
| 28. " | Prófessorar Eric Hultén og Erdtman og frú Erdtman frá Stokkhólmí. |
| 29. " | Dr. Paul Kirschfeld og kona hans frá Þýzkalandi, ásamt Isleifi Sumarliðasyni á Vöglum og Steindóri Steindórsyni frá Hlöðum, sem kom hingað kvöldið áður. |
| " " | Björn Stefánsson fírtstjóri "Búnaðarblaðsins". |

18. ágúst. Aðalfundur Læknafélags Íslands, sem hér var haldinn um þær mundir.
6. " Jón Bjarnason fréttastjóri "Pjööviljans".
15. ókt. Þórarinn Þórarinsson skólastjóri á Eiðum með 3. bækk Eiðaskóla.

Verzlunarmannahelgin. Mér þykir rétt að skýra frá því hér til fröðleiks, af því að nú var ekkert samkomuhald í Atlavík um verzlunarmannahelgi, að hér var þá því nér ekkert fólk í Víkinni og alger friður og ró ríkti.

Hallormsstað 7. janúar 1962

Eig. Blöndal